

Fundargerð 483. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, föstudaginn 29. maí kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 482. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 482. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 13. apríl 2026 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldaákvæði hafnalaga - 2605001HA

Lagt fram áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (gjaldaákvæði hafnalaga), mál nr. S-93/2026 í samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnafrestur er til 19. júní nk.

Stjórn felur formanni og starfsmanni að vinna drög að umsögn um málið.

3. Farpegaskip - virðisaukaskattur - 2601003HA

Eftirfylgni vegna 12. gr. laga um virðisaukaskatt.

Stjórn leggur áherslu á að mikilvægt er að fá endanlega niðurstöðu um þetta mál. Formanni og starfsmanni falið að fylgja málinu eftir.

4. Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2509013HA

Rætt að nýju um evrópskt samstarf hafnasambandsins og farið yfir samtal stjórnar við Ryckbost, framkvæmdastjóra ESPO (Evrópska hafnasambandinu), en stjórn fundaði með henni eftir stjórnarfund 17. mars sl.

Stjórn samþykkir að Hafnasambandið sækir um fulla aðild við ESPO og að fulltrúi Faxaflóahafna verði fulltrúi Hafnasambandsins og að kostnaður við aðild verði skipt jafnt á milli Hafnasambandsins og Faxaflóahafna.

5. Afmörkun hafnarsvæða - 2509034HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála varðandi afmörkun hafnarsvæða á sjó og þá sérstaklega afmörkun innri hafna.

6. **Hafnasambandsþing 2026 - dagskrá og skipulag - 2510001HA**
Rætt um skipulag Hafnasambandsþings sem verður haldið á Suðurnesjum 22.-23. október 2026.
Formanni og starfsmanni falið að vinna málið áfram.
7. **Haustferð stjórnar Hafnasambands Íslands til Grænlands - 2509033HA**
Rætt um fyrirhugaða haustferð Hafnasambands Íslands sem ákveðið hefur verið að halda í ágúst.
8. **Önnur mál - 2509003HA**
Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði haldinn 17.-20. ágúst 2026.

Fundi var slitið kl. 13:30